

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 121/2002

frá 27. september 2002

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2002 frá 12. júlí 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 256/2002 frá 12. febrúar 2002 um bráðabirgðaleyfi fyrir ný aukefni, framlengingu bráðabirgðaleyfis fyrir eitt aukefni og varanlegt leyfi fyrir eitt aukefni í föðri ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 1y (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2380/2001) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„Iz. **32002 R 0256:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 256/2002 frá 12. febrúar 2002 um bráðabirgðaleyfi fyrir ný aukefni, framlengingu bráðabirgðaleyfis fyrir eitt aukefni og varanlegt leyfi fyrir eitt aukefni í föðri (Stjtið. EB L 41, 13.2.2002, bls. 6).“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 256/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 298, 31.10.2002, bls. 1 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 54., 31.10.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 41, 13.2.2002, bls. 6.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. september 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. september 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Gunnar Snorri Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.